



KRÍSUVÍK Ljósmynd Ellerts sýnir okkur fegurð fyrirhugaðs virkjunarsvæðis.

Landslag með augum Ellerts

Ellert Grétarsson, ljósmyndari blaðsins Víkurfréttir, opnar sölu-sýningu á ljósmyndum sínum í Salfisksetrinu í Grindavík á laugardaginn næstkomandi. Á sýningunni má sjá myndir sem Ellert hefur tekið síðastliðin ár af íslenskri náttúru og landslagi og má því fara nærri um að þær séu sumar ægifagrar líkt og viðfangsefnið.

Ellert hefur gert víðreist með myndir sínar og sýnt þær víða um heim undanfarin ár. Meðal annars hafa myndir hans ratað á sýningar í New York, Barcelona, Los Angeles og Sofíu. Haustið 2006 hélt hann stóra einkasýningu í Narrows Center for The Arts í Fall River í Massachusetts. Þrátt fyrir velgengi Ellerts erlendis höfum við Íslendingar ekki farið varhluta af verkum hans þar sem hann hefur jafnframt sýnt víða hér heima. Myndir hans hafa meðal annars

verið til sýnis á Eiðum, Skriðuklaustri, Café Milanó og nú síðast á Ljósanótt í Byggðasafninu á Vatnsnesi þar sem viðfangsefni hans var brúðusafn Helgu Ingólfs.

Myndir Ellerts hafa ennfremur víða birst á prenti í útbreiddum blöðum og tímaritum eins og Art Business News, Direct Art og menningarblaði Herald News. Ellert hlaut í haust þrjár svokallaðar „Honorable Mention“ viðurkenningar við veitingu International Photography Awards verðlaunanna 2007. Viðurkenningar hlaut hann fyrir náttúruljósmyndun í flokki atvinnumanna. Verðlaunamyndirnar verða á sýningunni í Grindavík auk fjölda annarra ljósmynda sem hann hefur tekið á göngu- og fjallaferðum sínum um Ísland, meðal annars myndir af náttúruperlum á Reykjanesskaga